

Um 1. lið:

Eigi verður vefengt samkvæmt því, sem fyrr er rakið, að beint fjártjón bótakrefjanda hafi verið eins og þar er lýst, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. lið:

Þegar allt er virt, sem hér að framan er rakið um atvik og rannsókn máls þessa, þykja bætur til handa bótakrefjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu verður því sú að úrskurða ber Garðari Jóhannessyni fébætur úr ríkissjóði kr. 53.221.21 (12.472.84 + 748.37 + 40.000.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Þá þykir rétt að úrskurða bótakrefjanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Ríkissjóður Íslands greiði Garðari Jóhannessyni kr. 53.221.21 með 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1966.

Nr. 31/1966.

**Gunnar Guðmundsson**

(Guðjón Styrkársson hdl.)

gegn

**Tryggingamiðstöðinni h/f og gagnsök**

(Jón Magnússon hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar s. á., og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 160.000.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur samkvæmt heimild í ákvæðum 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1952 gagnáfrýjað málinu með stefnu 1. marz 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er allrækilega lýst í héraðsdómi.

Hinn 22. febrúar 1962 seldi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda brunatryggingu á vörum, geymdum í geymsluhúsi að Álfhólsvegi 66 í Kópavogi. Vátryggingarfjárhæðin var ákveðin kr. 150.000.00, en eigi kynntu fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda sér raunverulegt verðmæti hins tryggða. Hinn 23. marz 1962 brann geymsluhús þetta til kaldra kola og svo þeir munir, sem þar voru. Hefur aðaláfrýjandi haldið því fram, að brunnið hafi vörur að verðmæti kr. 148.375.00. Af gögn- um málsins er ljóst, að vörur þær, er brunnu í geymsluhúsinu, hafa verið mun minni að magni og verðmæti en aðaláfrýjandi vill vera láta, og bendir allt til þess, að verðmæti þeirra hafi verið mjög óverulegt. Geymsluhúsið, sem vörurnar voru geymdar í, var lélegt og lítt nothæft til vörugeymslu. Þegar til þessa alls er lítið, þykir vátryggingarsamningur aðiljanna um vörurnar samkvæmt niðurlagsákvæði 4. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga ekki vera bindandi fyrir gagnáfrýjanda, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Um bætur til aðaláfrýjanda fyrir hið brunna geymsluhús má fallast á niðurstöðu héraðsdóms.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 5.000.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Tryggingamiðstöðinni h/f, kr. 5.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hefur Gunnar Guðmundsson bílstjóri, Álfhólsvegi 66, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. maí 1963, gegn Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til greiðslu tryggingarbóta að fjárhæð kr. 160.000.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfunni.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1959 eða 1960 keypti stefnandi timburskúr af Birni Aðils Kristjánssyni múrara og flutti skúrinn á lóðina nr. 66 við Álfhólsveg í Kópavogi. Skúr þennan brunatryggði stefnandi hjá stefnda fyrir kr. 10.000.00 samkvæmt váttryggingarskírteini stefnda, sem dagsett er 22. febrúar 1962. Jafnframt brunatryggði stefnandi vörur í skúrnum fyrir kr. 150.000.00, og gaf stefndi út tryggingarskírteini fyrir þeirri váttryggingu sama dag. Skúr þessi brann aðfaranótt 23. marz 1962. Grunur lá á, að um íkveikju væri að ræða. Rannsókn fyrir sakadómi leiddi hins vegar ekki í ljós orsakir eldsvoðans. Er stefnandi leitaði eftir greiðslu brunabóta, fékkst stefndi ekki til að greiða þær. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Við sakadómsrannsókn upplýstist, að stefnandi hafði í nóvember 1961 brunatryggt geymsluskúr fyrir kr. 70.000.00 og vörulager í honum fyrir kr. 150.000.00 hjá Brunabótafélagi Íslands og greitt iðgjaldið.

Vitnið Ragnar Þorsteinsson, gjaldkeri Brunabótafélags Íslands, hefur skýrt svo frá, að um það bil viku, eftir að trygging þessi tók gildi, hafi stefnandi komið á skrifstofu félagsins vegna þess, að félagið hafði gert kröfu til þess, að íbúð hans yrði seld á nauðungaruppboði vegna vangreidds brunabótagjalds. Orðaskipti hafi þá orðið milli vitnisins og stefnanda og hafi stefnandi farið út án þess að greiða gjaldið. Kveðst vitnið hafa rætt þetta við Hilmari Pálsson, fulltrúa félagsins. Þótti vitninu og Hilmari váttryggingarfjárhæð skúrsins og varanna ísbyggilega há og hafi Hilmari tekið að sér að athuga málið.

Vitnið Hilmari Pálsson fulltrúi kveðst hafa tekið við tryggingarbeiðni stefnanda 18. nóvember 1961. Hafi stefnandi viljað

tryggja skúrbyggingu á lóðinni Álfhólsvégi nr. 66 svo og lausafé, sem í honum væri, þar sem hann teldi, að óforsvaranlegt væri að hafa þetta óváttryggt, enda væri hann (stefnandi) mikið að heiman, en kona hans væri á spítala, en börn óvitar heima hjá ráðskonu og ekki þyrfti nema eina eldspýtu til þess að eyðileggja verðmæti. Hafi stefnandi talið upp, að hann mundi verða með vörubirgðir (skótau), 100.000.00 kr. virði, varahluti í bifreiðar, 20.000.00 kr., og tvær bifreiðar í geymslu, 60.000.00 króna virði. Kveðst vitnið hafa ætlað að athuga þetta nánar og ekki séð ástæðu til annars en að veita trygginguna þegar í stað. Laugardagseftirmiðdag, viku eða hálfum mánuði síðar, kveðst vitnið hafa farið suður að Álfhólsvégi 66 eftir viðtalið við Ragnar Þorsteinsson, sem að framan greinir, og athugað skúrinn og innihald hans. Kveðst vitnið ekki hafa talið fært að halda tryggingunni áfram á skúrnum og ekki á lagernum, nema annað húsnæði kæmi til, sem fullnægjandi þætti. Skúrinn sýndist vitninu ekki vera nógu stór til að húsa bifreið, hvað þá heldur tvær. En samkvæmt mælingum lögreglunnar var stærð skúrsins  $3.65 \times 1.95$ . Einnig hafi hann verið lekur, svo að hann hafi ekki verið nothæfur til að geyma þar vörur. Hurð hafi verið negld aftur, en ekki læst. Inni í skúrnum hafi verið ca. 40 skókassar. Stefnandi, sem var viðstaddur, hafi saggt hafa selt eitthvað af skónum fyrir 200 kr. parið og auk þess væri lagerinn ekki allur kominn. Eitt-hvað af bifreiðavarahlutum hafi einnig verið þarna, greinilega notaðir og ekki mikils virði, að því er vitnið taldi. Fyrir utan skúrinn hafi staðið einn bíll ógangfær og einir tveir aðrir og traktor við íbúðarhúsið. Stefnandi hafi þá bent vitninu á efni, sem hann kvað ætlað til stækkunar á skúrnum. Ekki hafi efni þetta verið inni í skúrnum, heldur við gafl hans og uppi á holti þar hjá. Vitnið kveðst þá hafa boðið stefnanda að taka efnið í tryggingu og skúrinn, en ekki fyrir þær upphæðir, sem stefnandi óskaði eftir. Stefnandi hafi þá skráð á váttryggingarskírteinið „föll frá tryggingu“. Næsta mánudag hafi stefnandi svo komið og fengið endurgreitt iðgjaldið. Þá hafi stefnandi haldið því fram samkvæmt upplýsingum, sem hann kvaðst hafa fengið hjá öðru váttryggingafélagi, að Brunabótafélagið hefði ekki leyfi til að neita að taka trygginguna á þessum eignum.

Vitnið Sveinn Egilsson, starfsmaður Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f, kveður stefnanda hafa komið á skrifstofu vitnisins fyrir jólin 1961, vitnið minnir um mánaðamót nóvember og desember, og lagt fram beiðni um brunatryggingu, sem afgreiðslu-

stúlka tók við. Vitnið var viðstatt. Stefnandi hafi viljað greiða iðgjaldið strax og hafi beiðnin borizt strax í hendur vitninu. Hafi beiðnin hljóðað upp á vörur og tvær bifreiðar að upphæð 300.000.00 kr., að því er vitnið minnir. Vitnið kveðst hafa farið fram á, að stefnandi sundurliðaði verðmæti bifreiðanna og vörurnar. Hafi stefnandi gert það á eftirgreindan hátt, að því er vitnið minnir: Hvor bifreiðin 30—40 þúsund krónur. Önnur bifreiðin einhver af tegundum Chryslerverksmiðjanna (Plymouth eða Dodge), hin bifreiðin Ford-vörubíll, afgangur vörur. Vitnið kveðst einnig hafa óskað eftir upplýsingum um váttryggingarstaðinn, sem stefnandi kvað vera járnvarinn timburskúr á lóðinni nr. 66 við Álfrólsveg. Vitnið kveðst hafa spurt, hvort bifreiðarnar væru í sama húsi og vörurnar, en stefnandi hafi ekki gefið glöggar upplýsingar um það. Kveðst vitnið hafa sagt við stefnanda, að það mundi koma og athuga aðstæður næsta dag. Það hafi ekki verið vegna grunsemda um, að verðmætin væru ekki fyrir hendi, heldur til að afla upplýsinga um aðstæður á tryggingarstað. Næsta morgun milli kl. 10 og 11 kveðst vitnið hafa farið að Álfrólsvegi og spurt eftir stefnanda. Var vitninu tjáð, að stefnandi væri ekki heima, en mundi koma fljótlega. Meðan vitnið beið eftir stefnanda, kveðst það hafa gengið um lóðina upp fyrir íbúðarhúsið og séð þá tvö bílræksni, hjóllaus bæði og mjög illa útlítandi, og skúr, sem vitninu virtist illa byggður og gluggalaus. Leist vitninu illa á allar aðstæður. Fyrir utan skúrinn lágu nokkur bíldekk og annað drasl. Skömmu síðar kom stefnandi. Kveðst vitnið hafa skýrt honum frá því, að því litist svo illa á allar aðstæður, að félagið tæki ekki að sér trygginguna. Stefnandi hafi þá talað eitthvað um, að hann ætlaði að fara að lagfæra bílana og fleira, sem vitnið man ekki, en telur ekki skipta máli. Að svo búnu fór vitnið og hafði ekki meiri afskipti af stefnanda. Vitnið kveður tryggingarbeiðni stefnanda hafa hljóðað á nafn konu stefnanda, Friðrikku Líkafrónsdóttur.

Vitnið Jón Pétursson bifreiðarstjóri var áður fastur starfsmaður stefnda, en hafði látið af því starfi, en vann þó áfram að tryggingasöfnun fyrir stefnda gegn þóknun, sem miðaðist við seldar tryggingar.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi hitt stefnanda í janúar eða febrúar 1962 á verkstæði bróður stefnanda í Múlaherskálaverfi, hér í borg og hafi stefnandi spurt vitnið, hvort það ynni ekki hjá tryggingafélagi, og kveður vitnið sig hafa svarað því játandi. Vitnið kveður stefnanda hafa tjáð sér, að hann ætti timburskúr,

sem hann vildi tryggja, og einnig vörur, m. a. skótau, bíladekk og fleira, sem vitnið kveðst eigi muna, hvað var, og væru þessar vörur geymdar suður í Fossvogi í skúr hjá einhverjum manni, sem vitnið vissi ekki deili á. Vitnið kveður stefnanda hafa sagt, að hann þyrfti að losa vörurnar úr þessari geymslu og hygðist flytja þær í timburskúr sinn á Álfrólsvogi 66. Vitnið kveður, að þarna hafi orðið að samkomulagi með þeim stefnanda, að stefnandi tryggði timburskúrinn brunatryggingu fyrir kr. 10.000.00 til 3ja mánaða, að vitnið minnir, og vörur í skúrnum fyrir 70—75 þúsund krónur, að vitnið minnir. Vitnið vill þó ekkert fullyrða um upphæðirnar eða tímalengdina. Nokkrum dögum seinna kveðst vitnið hafa farið heim til stefnanda og haft tryggingarskírteinin meðferðis. Var ætlunin að afhenda skírteinin og innheimta iðgjaldið. Vitnið kveðst hafa komið heim til stefnanda milli kl. 6 og 7 um kvöld. Var vitninu boðið inn í eldhús og var þar boðið kaffi, sem það þáði. Vitnið kveður stefnanda eigi hafa haft peninga til að greiða iðgjaldið, en hann hafi sagzt mundu koma peningunum heim til vitnisins, sem hann og gerði nokkrum dögum seinna. Vitnið kveðst hafa selt stefnanda og konu hans, sem þarna var viðstödd, svonefnda heimilistryggingu að upphæð kr. 200.000.00. Kveðst vitnið hafa skoðað sig um þarna heima hjá þeim hjónum að boði þeirra. Ítarlega aðspurt segir vitnið, að sér hafi alls ekki verið boðið að líta á skúrinn og vörurnar, sem inni í honum voru. Kveður vitnið, að eigi hafi verið á skúrinn minnzt og eigi á vörurnar í honum. Eftir að vitninu hafði verið bent á gagnstæðar staðhæfingar stefnanda og eigin konu hans um þetta atriði, endurtók vitnið, að ekki hefði verið á skúrinn minnzt við sig, hvað þá heldur að vitninu hafi verið boðið að skoða hann, en það kveðst vitnið mundu hafa gert hiklaust, ef slíkt boð hefði komið fram. Kveðst vitnið ekki skilja, hvers vegna stefnandi og kona hans haldi þessu fram. Vitnið kveðst eigi hafa neitt hugsað um það eða haft það í huga, að rétt væri eða betra að skoða skúrinn og vörurnar. Kveðst vitnið eigi hafa haft neina ástæðu til annars en treysta stefnanda fullkomlega í sambandi við þessa tryggingu. Annars væri það vani sinn að skoða það, sem vitnið seldi tryggingar fyrir, en þetta hafi allt gerzt með svo fljóttum hætti, að það hafi eigi almennilega áttað sig á hlutunum. Nokkru seinna hafi stefnandi hringt heim til vitnisins um hádegisbilið og sagt, að skúrinn hefði brunnið þá um nóttina. Varð vitninu mjög hverft við og spurði stefnanda um nánari atvik, en hann hafi svarað því til, að hann hefði

verið fjarverandi með kunningjum sínum og skúrinn hafi verið bruninn, þegar hann kom heim. Vitnið kveðst hafa sagt stefnanda að hafa samband við stefnda og tilkynna brunann þangað.

Maður, er bjó í rishæð hússins Álfhólsvegi 66, kveðst hafa vaknað umrædda nótt „eitthvað eftir 2 eftir miðnætti“ við það, að reykt lagði inn um gluggann. Fór hann þá niður á neðri hæð hússins og barði að dyrum. Hafi eiginkona stefnanda komið til dyra og hafi hún hringt á slökkviliðið. Slökkviliðið í Reykjavík tilkynnti lögreglunni í Kópavogi um eldsvoðann kl. 0440 um nóttina.

Stefnandi kveðst hafa verið við vinnu í Þórscafé kvöldið fyrir brunann og fram til kl. tæplega tvö um nóttina. Þá hafi hann látið aka sér að Klapparstíg 18, hér í borg, og þar hafi hann dvalið hjá vinafólki sínu og hafi verið orðið nokkuð framorðið, þegar hann lagði sig þar til svefns. Hann kveðst hafa verið vakinn rétt fyrir kl. 8 um morguninn og hafi hann og húsráðandi farið þaðan saman til vinnu hjá Eimskipafélagi Íslands h/f. Milli kl. 8½ og 9 f. h. kveðst stefnandi hafa hringt heim til sín og talað við konu sína. Hafi hún þá sagt honum frá brunanum.

Samkvæmt skýrslu Gísla Ólafssonar, forstjóra stefnda, hringdi stefnandi heim til Harðar Felixssonar, fulltrúa stefnda, síðla kvölds 23. marz og tilkynnti um brunann. Þann 24. marz fór stefnandi svo á skrifstofu stefnda og gaf þar skýrslu um hin brunnu verðmæti. Í skýrslunni segir stefnandi, að í skúrnum hafi m. a. verið:

1. Um 100 pör af kvenskóm.
2. 4—5 kassar af nylonsökkum.
3. Eyrnalokkar, margar tylftir, helmingur silfurlokkar, en aðrir lélegri.
4. Rakvélar venjulegar.
5. Hárkrem, mikið magn, og nokkuð af hárolíu.
6. Tveir stórir kassar af plastleikföngum, þar á meðal ballar og diskasett úr plasti fyrir börn.
7. Tveir kassar af barnabílum úr tré.
8. Vaselín í litlum plastdósum.

Auk þessa kveður stefnandi í skýrslunni, að í skúrnum hafi verið bílavarahlutir, m. a. 2 rafalar nýuppgerðir, hemlaskálar, platinur og benzinblöndungar, sex eða sjö dekk og fleira. Þá hafi verið eitt sundurtekið borð og efni í trékolla.

Fyrir sakadómi 26. marz 1962 gerði stefnandi grein fyrir vörnum, sem brunnu.

Hann kveðst hafa fengið 500 pör af kvenskóm hjá Gunnari Jóhannssyni sumarið 1961 upp í bifreið. Skórnir voru reiknaðir á kr. 50.00 parið. 400 pör af skónum seldi hann Lárusi Ingimarssyni og tók vörur í staðinn. Ekki kvaðst hann muna, hvenær þau viðskipti fóru fram. Um svipað leyti og hann seldi Lárusi kvaðst hann hafa flutt 100 pörin, sem eftir voru, í skúrinn.

Síðar lagði stefnandi fram reikning Lárusar yfir vörur þessar. Er reikningurinn dagsettur 25. ágúst 1961, og eru þar greindar eftirfarandi vörur:

„300 dósir Bryllantine á 12/50 .....	kr. 3.750.00
100 stk. Stæl slifsi á 15/— .....	— 1.500.00
400 dósir minni Bryllantine á 7/— .....	— 2.800.00
200 pör eyrnalokkar á 50/— .....	— 10.000.00
50 do minni á 35/— .....	— 1.750.00
55 pör silfurlokkar á 85/— .....	— 4.675.00
200 dósir vaseline á 6/— .....	— 1.200.00
20 karton rakvélablöð á 35/— .....	— 700.00

---

Kr. 26.375.00“

Nylonsokkana kvaðst stefnandi hafa fengið sumpart hjá Lárusi í sambandi við skóviðskiptin, en sumpart hjá Kristni syni sínum í sambandi við bílaviðskipti. Nylonsokkana kvaðst hann hafa látið í skúrinn rétt eftir áramótin. Áður hefði sumt af þeim verið í bílskúr undir húsinu Álfhólsvegi 66, en sumt í Reykjavík hjá Kristni.

Eyrnalokkana kvaðst stefnandi hafa keypt mestalla frá Lárusi Ingimarssyni, í tvennu lagi, í síðara skipti í sambandi við vöruskiptin út af skónum.

Rakvélnar kvaðst stefnandi hafa fengið í sambandi við skóviðskiptin við Lárus Ingimarsson. Þær hafi líklega verið talsvert innan við 100.

Hárkrem og hárolíur hafi allt verið frá Lárusi Ingimarssyni, tekið upp í skóviðskiptin, hárkremið í plastdósum, en hárolían í glerumbúðum.

Hálsbindin hafi sumpart verið frá Lárusi, en sumpart frá Sturlaugi Friðrikssyni, fengin fyrir milligöngu Kristins sonar hans.

Plastleikföngin kvað stefnandi hafa verið frá Sturlaugi, fengin með milligöngu Kristins.

Vaselínið kvaðst stefnandi hafa fengið frá Lárusi í sambandi við skóviðskiptin.

Þá skýrði stefnandi svo frá, að vörulagerinn hefði ekki verið kominn í skúrinn, þegar hann bað um váttrygginguna í Sjóvátryggingarfélaginu. „Dótið“ kvað hann þá hafa verið á þrem stöðum, í bílskúrnum undir húsinu Álfrólsvægi 66, hjá Kristni syni hans og í Borgartúni á sendibílastöðinni.

Í sakadómi 28. marz 1962 skýrði stefnandi frá því, að á árunum 1958 eða 1959 hefði hann átt viðskipti við Lárus Ingimarsson. Þá hafi verið um slétt skipti á vörum að ræða. Lárus hafi þá greitt með ýmiss konar vörum, sem verðlagðar hafi verið á kr. 50.000.00, og hafi mest af þeim vörum verið í brunanum. Stefnandi kvað Lárus þó ef til vill hafa greitt eitthvað lítils háttar í peningum. Aðspurður, hvaða vörur aðrar en eyrnalokka hann hafi fengið í fyrri viðskiptunum við Lárus, kvaðst stefnandi ekki muna. Þá skýrði hann frá því, að allar smávörur, eldri sendingin frá Lárusi og eitthvað af hinu, hafi verið í bílskúr undir húsinu nr. 66 við Álfrólsvæg, er tryggingarbeiðnirnar til Bruna-bótafélagsins og Sjóvátryggingarfélagssins voru sendar. Vörunar hafi hann flutt í útiskúrinn eftir áramótin, þar sem hann hafi þurft að losa bílskúrinn.

Vitnið Gunnar Jóhannsson kveðst í ágúst eða september 1961 hafa selt stefnanda rúmlega 400 pör af ónotuðum kvenskóm, sem komin voru úr tízku.

Vitnið Lárus Ingimarsson kveðst tvisvar hafa átt viðskipti við stefnanda, árið 1958 og aftur í sambandi við skókaupin. Bæði skiptin kveðst vitnið hafa afhent ýmiss konar vörur og í síðara skiptið vörur fyrir rúmar 26.000.00 krónur.

Vitnið Kristinn Marinó Gunnarsson, sonur stefnanda, gaf skýrslu í sakadómi 29. marz 1962. Kvaðst vitnið hafa um áramótin áður átt viðskipti við Friðrikku Betu Líkafrónsdóttur. Vitnið kvaðst hafa keypt 2 bíla af henni. Kvaðst vitnið ekki muna kaupverðið, en vitnið kvaðst hafa látið Friðrikku Betu hafa í skiptum vörur að verðmæti um kr. 50.000.00, sem vitnið kvaðst hafa fengið í bílaskiptum við Sturlaug Friðriksson. Þessar vörur kvað vitnið hafa verið mestmegnis leikföng. Alls kvaðst vitnið hafa keypt vörur af Sturlaugi fyrir kr. 100.000.00 í bíla- viðskiptunum. Helminginn af vörunum hafi Friðrikka Beta fengið, en það, sem þá hafi verið eftir, hafi verið gefið á tombólu.

Vitnið Sturlaugur Friðriksson gaf skýrslu í sakadómi 30. marz

1962. Kvaðst vitnið hafa keypt 3 bílgarma á árinu 1960 af Kristni Marinó Gunnarssyni og hafa greitt þá alla með vörum og hafi kaupverð allra bílanna verið kr. 40.000.00. Vitnið kvaðst vera alveg visst um, að þetta hafi verið heildarverðið. Meðal varanna kvaðst vitnið muna eftir sjómannavettlingum, sokkum, kexi, lítils háttar af leikföngum, jólakortum, grammófónplötum og ýmsu smádóti. Vitnið kvaðst hafa farið snemma á árinu 1961 til Kristins Marinós í því skyni að rifta kaupunum og fá vörurnar aftur. Vörurnar hafi þá verið farnar úr geymslu þeirri sem vitnið lét þær í, og hafi Kristinn Marinó sagt, að vörurnar væru farnar út í veður og vind og hefði hann farið með sumt af þeim norður í Skagafjörð og losnað við þær þar. Þá kvaðst vitnið hafa keypt bíl af Kristni Marinó 1959 eða 1960 og greitt þann bíl með radiogrammófóni með plötum og 7 gráum kvenkápum. Sá bíll hafi verið metinn á kr. 20.000.00.

Sama dag var Kristinn Marinó Gunnarsson aftur kvaddur fyrir réttinn. Neitaði hann þá að bera vitni og bar fyrir sig heimild 89. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Vitnið Stefán Jóhann Jóhannsson kveðst hafa verið viðstatt bíla- og vörukaup Sturlaugs Friðrikssonar og Kristins Gunnarssonar, en ekki lagt á sig verð það, sem bílar eða vörur hafi verið reiknað á, enda lítið á hvort tveggja sem rusl.

Rannsókn málsins hjá lögreglu og sakadómi Kópavogs beindist meðal annars að brunaleifunum. Þann 24. marz tindi lögreglan saman úr brunarústunum ýmsa muni, er nú skal greina: 24 stk. af skóm, 14 stk. af eyrnalokkum, 20 stk. af kremi, sennilega hárkremi, og eftirtalda bílahluta: 5 slitnir hjólbarðar, 4 hemla-skálar, 1 reimskífa, 2 rafalar, lofthreinsari, „tjakkur“, miðstöð, tannhjól, flauta, hulsa, 2 kúplingsplön, öxull, fjaðrasamstæða, kassi með ýmsum smáhlutum, nokkrar keðjur. Ekki urðu þeir varir við neinar leifar af flöskugleri eða neitt, sem bent gæti til þess, að þarna hefðu brunnið flöskur eða glös né neitt, sem benti til plasthlutanna, nylonsokka, hálsbinda, rakvéla eða tréleikfanga. Þann 27. marz fór lögreglan aftur á staðinn og safnaði saman ösku, sem var færð til rannsóknar í Atvinnudeild Háskólans. Í vottorði deildarinnar segir, að við athugun hafi fundizt: „Slétt gler, 6 mm. þykkt h. u. b. 375 gr. Grænt flöskugler nokkur brot. Rautt gler, þykkt (skál eða lok) 30 g. Litlaust gler þykkt (skál eða lok) 90 g. Litlaust gler, bráðnir klumpar 40 g. Auk þess var mikið af ýmiss konar járnarusli, tölum, hálfbrunnunum við, ennfremur 2 eða 3 rafkerti úr bíl.“

Vitnið Þorsteinn Gísli Árnason skoðunarmaður skoðaði brunaleifarnar 24. marz. Vitnið, sem kvaðst ekki vera fastur starfsmaður stefnda, en framkvæma ýmsar skoðunargerðir fyrir hin ýmsu tryggingafélög, segir m. a.: „Skúrin var allur bruninn. Eftir að nákvæm skoðun hafði farið fram á brunarústunum, tel ég engar líkur vera fyrir því, að megnið af þeim vörum, sem nefndur Gunnar gaf upp, hafi verið í skúrnum.“

Kveður vitnið það álit sitt, að litlar líkur séu fyrir því, að vörutegundir þær, sem stefnandi gaf upp, hefðu verið í skúrnum í því magni, sem stefnandi taldi að verið hefði. Kveðst vitnið ekki vilja synja fyrir það, að sumar vörutegundir, sem stefnandi taldi upp, hefðu verið í skúrnum, þegar hann brann, en álitur, að það hljóti að hafa verið um minna magn að ræða en stefnandi taldi upp. Eftir sinni reynslu hefðu brunaleifarnar átt að vera mun meiri, ef magn það, sem stefnandi taldi, að verið hefði í skúrnum, hefði brunnið.

Eiginkona stefnanda, Friðrikka Beta Líkafrónsdóttir, hefur í sakadómi skýrt svo frá, að eiginmaður hennar hafi geymt ýmsar vörur, svo sem skótau o. fl., í skúrnum, sem brann. Ekki kveðst hún hafa komið í skúrin og séð þessar vörur þar, en kveðst hafa séð og fylgzt með, er þær voru fluttar þangað inn úr bílskúr þeirra hjóna. Hafi þessir flutningar átt sér stað um jólaleytið 1961. Ekki kveðst hún vita til, að neitt væri flutt úr skúrnum, eftir að þessar vörur voru fluttar inn í hann.

Í skýrslu sinni til stefnda frá 24. marz 1962 kvaðst stefnandi hafa keypt skúrin, sem brann, fyrir kr. 5.000.00, en síðar hefði hann þiljað hann að innan og gert á honum aðrar lagfæringar. Skúrin hafi ekki verið einangraður, rafmagnslaus, negldur aftur og gluggalaus. Í sakadómi skýrði stefnandi frá því, að skúrin hefði hann keypt 2—3 árum áður. Umsamið hafi verið, að hann greiddi skúrin með 4—5 bílhössum af sandi, en bílhlassið (35 tonn) hefði hann reiknað á kr. 840.00. Seljandinn, Björn Aðils Kristjánsson, skýrði svo frá í sakadómi 18. apríl 1962, að um það bil tveimur árum áður hefði hann selt stefnanda „lítinn bárujárns-skúr á grind og með trégólfi“ og hafi svo um samizt, að stefnandi léti í té tvö bílhöss (30—35 tonn) af þússningasandi, en verðið á tunnunni hafi verið kr. 16.00, að því er hann minnti.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi brunatryggt margnefndan skúr fyrir kr. 10.000.00 og vörur í honum fyrir kr. 150.000.00, sbr. brunatryggingarskírteinin, sem frammi liggja

í málinu. Hann hafi greitt tryggingariðgjaldið. Skúrinn og vörurnar hafi því næst brunnið, án þess að upplýst sé um orsakir að eldsupptökum. Skúrinn hafi hann miðað við hækkandi verðlag og endurbætur stefnanda verið að verðmæti kr. 10.000.00 og vörurnar hafi verið að verðmæti 150.000.00. Beri stefnda sem váttryggjanda varanna því að greiða stefnanda tryggingarféð, kr. 160.000.00. Stefndi hafi ekki sannað, að bótafjárhæðin nemi hærri kröfu en fjárhæð tjónsins, en sönnunarskyldan um það hvíli á stefnda, þar sem um verðsetta tryggingu sé að ræða, sbr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Stefndi leggur áherzlu á, að þegar Jón Pétursson hafi komið heim til stefnanda, hafi honum verið boðið að skoða vörurnar og skúrinn, en um það hafi hann ekki hirt. Verði stefndi einnig að bera hallann af því, að umboðsmaður hans lét undir höfuð leggjast að skoða hin váttryggðu verðmæti. Stefndi telur, að hann hafi ekki dregið óhæfilega lengi að tilkynna stefnda um váttryggingaratburðinn, þar sem hann hafi tilkynnt Jóni Péturssyni strax í hádeginu um brunann.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefndi hafi sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atriði, sem skipti máli fyrir félagið, þannig að váttryggingarsamningurinn sé ekki bindandi fyrir félagið, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Enn fremur telur stefndi, að framkoma stefnanda hafi einnig að öðru leyti verið með þeim hætti, að það mundi almennt vera talið óheiðarlegt að bera váttryggingarsamninginn fyrir sig. Í fyrsta lagi hafi stefndi leynt stefnda því, að hann hafði gert tvær tilraunir til þess að tryggja hagsmuni sína. Telur stefndi svo sterkar líkur fram komnar, að stappi nærri fullkominni sönnun, að stefndi hafi tekið miklu hærri tryggingu en verðmæti þeirra hagsmuna, sem tryggðir voru. Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að raunverulega væri sannað, að þær vörur, sem stefndi haldi fram, að í skúrnum hafi verið, hafi ekki verið þar, þegar hann brann. Þá hafi skúrinn verið nær einskis virði eða mjög lítils virði. Stefndi heldur því fram, að hann hefði ekki tekið að sér að tryggja skúrinn og vörurnar, ef hann hefði fengið réttar upplýsingar um málavexti. Telur stefndi svo sterkar líkur leiddar að því, að um váttryggingarsvik hafi verið að ræða, að leggja beri sönnunarbyrðina á stefnanda um, að verðmæti þau, sem brunnu, hafi verið í skúrnum og þess virði, sem stefndi haldi fram og þau voru tryggð fyrir, en stefnanda hafi ekki tekizt að sanna þetta. Í því sambandi telur stefndi ekki skipta máli, þó að saksóknari hafi ekki

séð ástæðu til að ákæra stefnanda fyrir váttryggingarsvik. Stefndi bendir á, að vitnið Gunnar Jóhannsson hafi aðeins talið sig hafa selt stefnanda 400 pör af skóm, eða það magn, sem stefnandi viðurkenni að hafa selt Lárusi Ingimarssyni. Stefnanda hafi ekki tekizt að leggja fram skrá yfir þær vörur, sem hann kveðst hafa fengið í skiptum sínum við Lárus Ingimarsson 1958, enda dregur stefndi mjög í efa, að svo gamlar vörur hafi verið í skúrnum. Með samanburði á lista þeim, sem stefnandi lét stefnda í té yfir vörur, sem hefðu verið í skúrnum, er hann brann, og á reikningi yfir vörur, sem stefnandi keypti af Lárusi Ingimarssyni árið 1961, telur stefndi bersýnilegt, að nánast sé um sömu vörur að ræða. Aðrar vörur hafi stefnandi ekki nefnt fyrr en í yfirheyrslu fyrir sakadómi 26. marz. Engir reikningar eða gögn séu til yfir þessar vörur. Vætti vitnisins Kristins Marinós sé mjög tortryggilegt og það vitni hafi neitað að tjá sig, eftir að vitnið Sturlaugur Friðriksson hafði skýrt frá viðskiptum þeirra. Stefndi viðurkennir, að umboðsmanni sínum hafi orðið á mistök, er hann lét undir höfuð leggjast að skoða hin tryggðu verðmæti, en þessi mistök telur stefndi ekki geta réttlætt framkomu stefnanda. Loks bendir stefndi á, að jafnvel þótt umboðsmaður sinn hefði skoðað vörurnar, væri engin víska fyrir því, að þær hefðu verið í skúrnum, er hann brann. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi tilkynnt brunann allt of seint og kunni ábyrgð hans af þeim ástæðum að hafa fallið niður eða orðið minni. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að vörur þær, sem stefnandi telur, að verið hafi í skúrnum, hafi nánast verið óseljanlegar og því miklu minna virði en stefnandi vilji vera láta. Skúrinn hafi einnig verið mjög lítills virði, í mesta lagi kr. 1.120.00 til 4.200.00 krónur.

Við hinn munnlega málflutning sundurliðaði umboðsmaður stefnanda áætlað verðmæti hinna brunnu vara þannig:

1. Vörur frá Lárusi Ingimarssyni frá árinu 1958	kr 50.000.00
2. Vörur frá sama til greiðslu á skóm . . . . .	— 26.375.00
3. Vörur frá Kristni Marinó frá des. 1961 . . . . .	— 50.000.00
4. 100 pör af skóm (eftirstöðvar af skóm frá Gunnari Jóhannssyni) . . . . .	— 5.000.00
5. Bílavarahlutir ýmiss konar . . . . .	— 17.000.00

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi dregið svo að tilkynna stefnda um brunann, að það út af fyrir sig eigi að horfa til lækkunar á bótum honum til handa.

Eins og fyrr er rakið, skýrði stefnandi svo frá í sakadómi, að vörurnar hefðu ekki verið komnar í skúrinn, þegar hann átti viðskiptin við tryggingaumboðsmenn Brunabótafélagsins og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Hann kvaðst hins vegar hafa flutt vörurnar í skúrinn eftir áramótin. Er hann gaf þessa skýrslu fyrir sakadóminum, var því ekki liðinn nema stuttur tími, frá því að hann flutti vörurnar í skúrinn. Þrátt fyrir það gat hann ekki tilgreint annað en eyrnalokka úr vörusendingunni frá Lárusi Ingimarssyni frá árinu 1958. Mest af þeim vörum telur stefnandi þó að verið hafi í skúrnum, þegar hann brann, og metur hann þær á kr. 50.000.00. Verður að telja skýrslu stefnanda að þessu leyti mjög tortryggilega. Ekki virðast brunaleifarnar eða önnur ummerki á brunastað heldur styrkja skýrslu stefnanda um vörur þessar.

Skýrsla vitnisins Kristins Marinós um það, að hann hafi um áramótin selt eiginkonu stefnanda vörur fyrir kr. 50.000.00, er með hliðsjón af vætti vitnisins Sturlaugs Friðrikssonar og öðrum gögnum málsins einnig mjög tortryggileg, enda neitaði vitnið Kristinn Marinó að gefa skýrslu að nýju, eftir að Sturlaugur hafði komið fyrir dóm.

Þegar þetta er virt, þykir, eins og málavöxtum öllum er háttað, verða að leggja sönnunarbyrðina á stefnanda um það, að hann hafi flutt vörur þær, sem hér voru greindar og hann verðleggur samtals á kr. 100.000.00, í skúrinn. En það þykir stefnandi ekki hafa sannað nægjanlega.

Þess er áður getið, að stefnandi hafði gert tvær tilraunir til þess að brunatryggja skúrinn og vörur í honum fyrir háar fjárhæðir, án þess að vörurnar væru til staðar í skúrnum, þegar umboðsmenn tryggingafélaganna komu á staðinn.

Þá er einnig fram komið í málinu, að skúrinn hefur verið léleg geymsla.

Er stefnandi tók trygginguna hjá stefnda, bar honum með tilfelli til viðskipta hans við hin tryggingafélögin að upplýsa stefnda um þau viðskipti, skýra frá ástandi skúrsins og gera grein fyrir vörunum. Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi gætt þessarar skyldu sinnar. Verður því, eins og atvikum öllum er háttað og þrátt fyrir það skeytingarleysi Jóns Péturssonar að skoða ekki skúrinn, þegar hann fór til að afhenda tryggingarskirteinin, að fallast á það með stefnda, að hann mundi ekki hafa tekið að sér að tryggja vörur stefnanda, ef hann hefði haft réttar upplýsingar um aðstæður. Í því sambandi þykir ákvæði 39.

gr. laga nr. 20/1954 ekki skipta máli, eins og atvikum er háttað. Af þessum ástæðum verður að líta svo á, að tryggingarsamningurinn um vörurnar hafi af hálfu stefnda verið gerður á röngum forsendum. Leiðir það til þess, að tryggingarsamningur þessi er ekki bindandi fyrir stefnda. Verður krafa hans um sýknu því tekin til greina að því leyti.

Hins vegar þykir stefndi, eins og málavöxtum er háttað, eiga að greiða stefnanda bætur fyrir hinn brunna skúr. Þykir hæfilegt að stefndi bæti stefnanda skúrin með kr. 3.500.00.

Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum. Verður stefnda því dæmt að greiða stefnanda 8% ársvexti af framangreindri fjárhæð frá 23. marz 1962 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 2.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Árna Árnasyni kaupmanni og Geir Arnesen efnaverkfræðingi.

#### Dómsorð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 3.500.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1966.

Nr. 86/1965. **Walter Lentz og Ragnheiður Sigurðardóttir**

(Árni Guðjónsson hlr.)

gegn

**Dráttarvélum h/f**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarréttarfyrirvari. Traustnám.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. apríl 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar 29. apríl 1965 og krafizt